

## 1985 nr. 75 14. júní

### Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Lögum var breytt með l. 91/2023, 9. gr. Breytingin tekur gildi 1. apríl 2024 skv. 8. gr. s.l.

Tóku gildi 11. júlí 1985. Breytt með: L. 87/1989 (tóku gildi 1. jan. 1990). L. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 180/2011 (tóku gildi 30. des. 2011). L. 56/2014 (tóku gildi 4. júní 2014). L. 72/2015 (tóku gildi 21. júlí 2015). L. 91/2015 (tóku gildi 5. ágúst 2015 nema 1. og 4.–7. gr. sem tóku gildi 1. júlí 2015). L. 78/2016 (tóku gildi 1. júlí 2016). L. 91/2023 (taka gildi 1. apríl 2024 nema brbákv. I, 3. mgr. brbákv. II og brbákv. IV sem tóku gildi 16. des. 2023).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við mennta- og barnamálaráðherra eða mennta- og barnamálaráðuneyti sem fer með lög þessi.

#### I. kafli. Stofnun tónlistarskóla.

##### ■ 1. gr.

□ Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

1. hefur a.m.k. einn fastan kennara auk stundakennara;
2. starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með prófum og opinberum nemendatónleikum;
3. [kennir samkvæmt námskrá<sup>1)</sup> útgefni af ráðuneytinu eða námslýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðuneytisins; ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að staðfesta námslýsingu; ef námskrá skortir skal hverjum nemanda veitt kennsla í aðalnámsgrein eina stund á viku; auk þess séu a.m.k. tvær auknámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur);<sup>2)</sup>

4. hefur a.m.k. 30 nemendur sem stunda nám til viðurkenndrar prófraunar;

5. hefur hlotið sérstakt samþykki [ráðuneytisins]<sup>3)</sup> og jafnframt samþykki viðkomandi sveitarstjórnar ef skóli er rekinn af þriðja aðila.

<sup>1)</sup> Augl. 529/2000. <sup>2)</sup> L. 91/2015, 10. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 111. gr.

##### ■ 2. gr.

□ Ef sveitarfélag vill koma á fót tónlistarskóla skal sveitarstjórn semja reglugerð um skólann sem ráðherra staðfestir. Skal þar m.a. kveðið á um yfirstjórn skólans og ráðningu starfsmanna sem teljast skulu starfsmenn sveitarfélagsins.

□ Ef fleiri en eitt sveitarfélag ákveða að koma á fót tónlistarskóla í sameiningu skal reglugerðin samín og samþykkt af viðkomandi sveitarstjórnunum og þar m.a. kveðið á um skiptingu kostnaðar og ábyrgðar af skólalöndun.

##### ■ 3. gr.

□ Aðrir aðilar en sveitarfélög geta sett á fót tónlistarskóla sem njóta skal styrks samkvæmt ákvæðum laga þessara. Áður en slíkur skóli hefur starfsemi skal senda greinargerð um fyrirhugaða stofnun hans til viðkomandi sveitarfélags og til [ráðuneytisins].<sup>1)</sup> Skal þar greint frá því m.a. hverjir séu stofn- og ábyrgðaraðilar skólans, hvaða húsnæði hann hafi til afnota og hvaða greinar tónlistar ætlunin sé að leggja áherslu á. Greinargerðin skal hafa borist viðkomandi sveitarfélagi eigi síðar en 15. apríl ásamt rekstraráætlun og drögum að starfsreglum fyrir skólann. Sveitarstjórn skal fjalla um greinargerðina og taka afstöðu til þess hvort hún fallist á greiðslur til skólans úr sveitarsjóði.

□ Ef fyrirhugað starfssvæði skólans er fleiri en eitt sveitarfélag skulu viðkomandi sveitarstjórnir fjalla um málið á sama hátt og skal þá jafnframt taka afstöðu til þess hvernig kostnaðarskipting skal vera milli sveitarsjóða og hver skal vera greiðsluaðili fyrir skólann.

□ ...<sup>2)</sup>

□ Skólanevnd, skipuð fulltrúum eignaraðila, fjallar um málefni skólans og fer með fjárreiður hans. Viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 111. gr. <sup>2)</sup> L. 87/1989, 65. gr.

##### ■ 4. gr.

□ [Stofnkostnaður tónlistarskóla greiðist af stofnendum hans.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 66. gr.

##### ■ 5. gr.

□ Tónlistarskólar þeir, sem starfandi eru og styrk hafa hlotið fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda staðfestingu sinni enda fullnægi þeir lágmarkskröfum samkvæmt lögum þessum. Ef skóli er rekinn á vegum sveitarfélags skal semja reglugerð samkvæmt ákvæðum 2. gr. eigi síðar en 6 mánuðum eftir gildistöku laganna. Ef skóli er rekinn á vegum annarra aðila, skal senda [ráðuneytinu]<sup>1)</sup> starfsreglur hans innan sama tíma.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 111. gr.

##### ■ 6. gr.

□ Ef tónlistarskóli, sem styrks hefur notið, hættir störfum skal sveitarfélagið varðveita eignir skólans (hljóðfæri o.fl.) þar til eignanna er þörf við rekstur annars tónlistarskóla á sama starfssvæði.

#### II. kafli. Rekstur tónlistarskóla.

##### ■ 7. gr.

□ [Sveitarfélög, sem reka tónlistarskóla, greiða launakostnað kennara og skólástjóra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 67. gr.

##### ■ 8. gr.

□ Tónlistarskólar, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, skulu senda áætlun um kennslu á næsta fjárhagsári til viðkomandi sveitarstjórnar eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal jafnframt í greinargerð skýra fyrirhugaðar breytingar á kennslu og kennslumagni. ...<sup>1)</sup>

□ [Sveitarstjórn skal taka afstöðu til áætlunar skólans og gera samkomulag við skólástjórn um kennslu og starfsmannahald fyrir 1. júlí ár hvert.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 68. gr.

##### ■ 9. gr.

□ Starfsmenn tónlistarskóla, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, en njóta styrks samkvæmt lögum þessum, skulu njóta launa í samræmi við kjarasamninga sem [launanevnd sveitarfélaga gerir]<sup>1)</sup> við stéttarfélög þeirra á hverjum tíma, en þeir teljast starfsmenn viðkomandi skóla nema öðruvísi sé um samið. Þeim er heimil þátttaka í söfnunarsjóði lífeyrisréttinda eða öðrum þeim lífeyrissjóði sem viðkomandi starfsmaður á aðgang að.

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 69. gr.

##### ■ 10. gr.

□ Tónlistarskólar, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, skulu fá greiddan úr sveitarsjóði launakostnað kennara og skólástjóra í samræmi við rekstraráætlun og þær breytingar sem verða á launatöxtum í samræmi við framangreinda kjarasamninga. Greiðsla skal fara fram mánaðarlega samkvæmt nánara samkomulagi milli skólástjórnar og sveitarstjórnar. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 70. gr.

##### ■ 11. gr.

□ Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólarekstrinn en launakostnaði kennara og skólástjóra, að svo miklu

leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annari fjárföllum.

■ [12. gr.

□ [Ráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að fara með verkefni samkvæmt málsgrein þessari.]<sup>1)</sup>

□ Verkefni ráðuneytisins eru m.a.: yfirstjórn námsskrár- og námsefnisgerðar, sbr. 3. tölul. 1. gr., samræming náms, prófa og réttinda er þau veita, aðstoð varðandi ráðningar kennara, ráðgjöf varðandi gerð starfs- og fjárhagsáætlananna skóla, upp lýsingamiðlun og erlend samskipti.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 91/2015, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 87/1989, 71. gr.

■ [13. gr.

□ Ráðuneytið skipar fimm manna samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar til að fjalla í heild um starfsemi tónlistarskóla, samstarf skólanna og/eða rekstraraðila þeirra svo og samstarf tónlistarskóla við grunnskóla og framhaldsskóla.

□ Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum tónlistarskólalækjara, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi tónlistarskólalækjara, [tveir fulltrúar án tilnefninga og er annar þeirra formaður nefndarinnar].<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 117. gr. <sup>2)</sup> L. 87/1989, 71. gr.

■ [14. gr.

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> setur í reglugerð<sup>2)</sup> nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfshætti og verkefni samstarfsnefndar tónlistarfræðslunnar.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 111. gr. <sup>2)</sup> Rg. 411/1988 (Tónlistarskólinn á Akureyri). <sup>3)</sup> L. 87/1989, 71. gr.

■ [15. gr.]<sup>1)</sup>

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . .

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 71. gr.

[Ákvæði til bráðabirgða.

■ I.

□ [Í samræmi við fjárlög fyrir árið 2015 og með vísan til samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms frá 13. maí 2011, með síðari breytingum, greiðir ríkissjóður 520 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árinu 2015 til að standa straum af kennslukostnaði að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi.]<sup>1)</sup>

□ Greiðslur sem sveitarfélag fær frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að mæta kostnaði vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi skulu renna til þeirra tónlistarskóla þar sem nemendur stunda nám óháð lögheimili þeirra.

□ Ráðherra sveitarstjórnarmála setur nánari ákvæði um úthlutun framlags skv. 1. mgr. og eftirlit með ráðstöfun þess

í reglugerð sem samin er í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 72/2015, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 180/2011, 1. gr.

■ [II.

□ Í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, sem undirritað var 13. apríl 2016, greiðir ríkissjóður árlegt styrktarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skal til greiðslu kennslukostnaðar, að meðtöldu álagi fyrir stjórnunarkostnað, langtímaforföll, hljóðfæragjald og tengdan kostnað, 520 millj. kr. alls. Frá og með árinu 2017 skal framlag ríkisins breytast árlega í samræmi við launaforsendur í kjarasamningum við aðildarfélög Bandalags íslenskra háskólanna (BHM) og verðlagsforsendur fjárlaga í hlutföllunum laun 85% og 15% önnur gjöld. Framlag ríkisins vegna annars kostnaðar en launa breytist samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar.

□ Sveitarfélög tryggja að framlag skv. 1. mgr. renni til kennslu þeirra nemenda sem innritaðir eru í viðurkennda tónlistarskóla án tillits til búsetu og sem uppfylla nánari skilyrði sem sett verða í lögum um tónlistarskóla. Sveitarfélög stýra aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga við þá tónlistarskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögum.

□ Ráðherra sveitarstjórnarmála setur nánari ákvæði um úthlutun framlags skv. 1. mgr., skilyrði um námsframvindu nemenda og upplýsingaskyldu sveitarfélaga og tónlistarskóla í reglum sem samdar eru í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þar skal áskilið að þeir nemendur í framhaldsnámi sem stuðnings njóta samkvæmt samkomulaginu hafi lokið miðnámi að fullu í aðalgrein og aukánámsgreinum. Einnig er heimilt að skilgreina í reglum í hvaða tilvikum og með hvaða skilyrðum er heimilt að greiða framlag vegna nemenda sem hafa lokið námi á framhaldsstigi.

□ Í reglum skal kveðið á um skiptingu þess kennslumagns sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur til ráðstöfunar á landsvísu. Við þá skiptingu er heimilt að leggja til grundvallar fyrirleggjandi upplýsingar hjá Jöfnunarsjóði um skiptingu kennslumagns milli sveitarfélaga á síðustu tveimur árum. Framlag til einstakra tónlistarskóla skal aldrei nema hærri fjárhæð en útlögðum kennslukostnaði og öðrum kostnaði skv. 1. másl. 1. mgr. en þó er heimilt að setja í reglur ákvæði um tímabundna afkomutryggingu til að bregðast við breyttum aðstæðum. Í reglum er jafnframt heimilt að kveða á um framlög til sveitarfélaga vegna nemenda í tónlistarnámi sem ekki falla undir 1. mgr. en þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2016, 1. gr.